

Stofnfundur skólaráðs Hofsstaðaskóla

Haldinn í Hofsstaðaskóla mánudaginn 17. nóvember kl. 17:00

Fundarmenn voru úr foreldraráði Vera Guðmundsdóttir, Vala Guðnadóttir og Kristbjörg Ágústsdóttir sem jafnframt er fulltrúi grenndarsamfélags, Iðunn Bragadóttir formaður foreldrafélagsins sat líka fundinn. Frá Hofsstaðaskóla þær Agnes Kragh fulltrúi starfsmanna, Anna Magnea Harðardóttir og Ragnheiður Stephensen fulltrúar kennara auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

1. Stofnfundur.

- a. Fundur settur og fundarmenn kynntu sig. Skipa þarf varamenn. Ákveðið að aðstoðarskólastjóri ritaði fundargerð og síðan skiptast á þær Agnes Kragh og Kristbjörg. Fundargerðir ráðsins verða birtar eins og gert hefur verið með fundargerðir foreldraráðs. Reiknað er með að ráðið fundi a.m.k. tvisvar á ári. Ekki verður greitt fyrir fundarsetu og því verður að funda innan vinnutímaramma kennara.
- b. Skólastjóri fór yfir að draganda að stofnun ráðsins og bakgrunn þess. Hún vitnaði í lög og vinnureglur frá Heimili og skóla. Hún gerði og grein fyrir því að í skoðun væri hlutverk nemenda í ráðinu og að ákveðið hefði verið að boða þá ekki til fundarins að þessu sinni. Þeir verði boðaðir þegar rætt verður um málefni sem snerta þeirra reynsluheim.
- c. Starfsreglur skólaráðs. Þær verður að byggja á starfsreglum foreldraráða og eru H og S með tillögur í vinnslu. Horft er til nágrannasveitarfélaga. Í lögunum er búið að fella út mikilvægt atriði sem snýr að umfjöllun um mál einstakra nemenda eða starfsmanna. Vera lýsti undrun sinni á því að foreldraráð séu lögð niður í grunnskólum þegar verið er að koma þeim á á leik- og framhaldsskólastigi. Skólastjóri sendir fundarmönnum reglugerð um leið og hún berst.
- d. Skólastjóri lýsti því að nú væri skólaráð Hofsstaðaskóla formlega stofnað.

2. Fjárhagsáætlun Hofsstaðaskóla 2009.

- a. Skólastjóri gerði grein fyrir fyrirmælum um niðurskurð áætlunar fyrir næsta ár. Bæjaryfirvöld settu fram ákveðin atriði sem skerða yrði og síðan að skólar þyrftu að spara enn meira eða um 6,5% í launakostnaði g 10% í vörukaupum og þjónustu. Hún gerði og grein fyrir því að þessi niðurskurður hefði veruleg áhrif á skólastarf strax á vorönn 2008 og um væri að ræða skerðingu á þjónustu við nemendur. Ekki kom til greina af skólangs hálfu að fjölgja í bekkjum. Nokkrir af þeim liðum sem skera á niður eru ekki á valdi skólanna að ákveða en eru samningar sem gerðir eru fyrir þeirra hönd. Gróflega áætlað eru um að ræða allt að 50% niðurskurð á haustönn 2009 á vöru- og þjónustukaupum m.v. árið 2006. Hingað til hefur Garðabær lagt til fleiri kennslustundir en lög gera ráð fyrir og hér hefur ein staða þýtt einn bekkur, slíkt verður ekki lengur.
- b. Skólastjóri gerði því næst grein fyrir aðalatriðum. sem eru eftirfarandi: Nestis- og næðisstundir falla niður frá haustinu 2009. Endurskoða þarf skólabyrjun á morgnana og helst gera könnun meðal foreldra. Til greina kemur að byrja kennslu 8:20 eða 8:30. Kennslustundum fækkar úr 35 í 30 hjá yngri nemendum og úr 37 í 35 hjá eldri. Reynt

verður að halda 4. bekk í 35 tínum. Frímínútur styttast um 10 mín. á dag og því lýkur skóladegi nemenda fyrr en nú er. Dregið verður úr gæslu í matsal því ekki verður lengur hver kennari með sinn bekk heldur einn kennari með árgang. Dregið úr sérkennslu en ekki úr þjónustu við fatlaða nemendur. Endurskoða þarf færni miðað nám í ensku og stærðfræði. List- og verkgreinar verða ekki sérgreinar í 1. bekk. svo eitthvað sé nefnt.

- c. Rætt um hvað bæjaryfirvöld eiga við með því að skerða ekki grunnþjónustu.
Grunnþjónusta miði við lög og reglugerðir. Einnig hvaða áhrif stytting skóladags hefur á nemendur og fjölskyldur í bænum s.s. að nemendur eiga lengri frítíma sem þýðir að þeir eru lengur einir heima á daginn. Kostnaðarauki fylgir lengri veru barna í tómstundaheimilum.
- d. Áhrif á starfsmannamál. Allflestir kennarar skólans eru í 100% starfi og þarf því að sjá þeim fyrir tilskildum tímafjölda sem er erfitt þegar kennslustundum nemenda fækkar. Bæta þarf við kennslu í öðrum bekkjum til uppfyllingar. Yfirvinna leggst af og nú þegar er farið að draga úr forfallakennslu. Kennarar sinna stærri hópum í einu ef forföll eru og eldri nemendur eru sendir heim um hádegi.
- e. Dregið verður úr vörukaupum og þjónustu sem þýðir að ef eitthvað bilar þá verður það bilað nema sérfjárveiting fáist. Efniskostnaður í list- og verkgreinum er mikill og brýnt að finna leiðir til að mæta niðurskurði s.s. með því að biðja foreldra um að gefa skólanum efni. Skólastjóri hefur sent bréf til forstöðumanns námsgagnasjóðs Mrn. og gagnrýnt að efni til list- og verkgreina falli ekki undir úthlutun úr sjóðnum.
- f. Tillögur um niðurskurð eru alls ekki aðlaðandi og má segja að búið sé að finna hvar botninn er og að ekki verði farið neðar nema með fjölgun nemenda í bekkjum. Skólastjóri telur ekki hægt að fækka stjórnunarstöðum m.a. vegna aukins álags og t.d. skipulagi þjónustu við nemendur með sérþarfir. Nú eru 11 nemendur skólans sem falla undir lög um málefni fatlaðra.
- g. Viðbrögð skólaráðsins eru þau að kynna þurfi þessi atriði vel fyrir foreldrum og mynda þrýstihóp. Til greina komi að velja hæfa einstaklinga úr foreldrahópnum til þess koma með röksemdir á móti þjónustubresti þeim sem liggur fyrir. Endurvinna þarf punktana sem skólastjóri leggur fram þannig að fram komi hver staðan var, hver hún verður og nákvæmlega hvaða áhrif niðurskurðurinn hefur á hvert atriði. Fyrirhugaður er fundur svæðaráðs foreldra og fundur fulltrúa foreldra með bæjaryfirvöldum. Upplýsingar verða sendir að loknum þessum fundum.
- h. Fundi slitið kl. 19:30

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Gögn sem send voru fundarmönnum fyrir fundinn:

Tillaga um fyrirkomulag skólahalds í Hofsstaðaskóla haust 2009 í ljósi skólavísis og samdráttar sbr. bréf frá skólaskrifstofu 31. október og 6. nóvember 2008.

Tillaga að nýrri tímasetningu stundatöflu nemenda annars vegar í 1. – 4. bekk og hins vegar í 5. – 7. bekk.